

# Fjórir norrænir listamenn að Kjarvalsstöðum

## Nýstárlegt sýningarform

Um þessar mundir stendur að Kjarvalsstöðum allóvenjuleg sýning, í þeim skilningi að þar er vestursalurinn nú notaður á nýjan og óvæntan hátt. Þegar komið er inn í sýningarsal, þar sem sýnd eru myndlistarverk, beinast augu okkar ósjálfrátt að veggjunum, svo von erum við því hefðbundna sýningarformi. Það kemur jafnvel fyrir að skúlptúrum, sem auðvitað er ætlað að sjást frá öllum sjónarhornum, er ýtt upp að vegg þannig að ekki er hægt að ganga í kringum þá. Nú eru veggir vestursalarins auðir að mestu, fyrir utan myndröð Ólafs Lárussonar. Önnur verk standa úti á gólfi og er þetta óeitanlega skemmtileg tilbreyting því hið rúmgóða fjala-gólf býður upp á nýja möguleika og einhvern veginn virðist loftið margumtalaða ekki eins áleitnið fyrir bragðið og dregur því minna frá verkunum.

Sýningin er hingað komin fyrir tilstilli Sonju Heine og Niels Onstad safnsins „Hövikodden“ í Noregi og Norræna menningarmálasjóðsins og hefur farið víða um Norðurlönd. Sú var tíðin að heimurinn þekkti Sonju Heine sem skautadrottningu og þar af leiðandi síðar kvikmyndastjörnu og lék hún m.a. í stórfurðulegri mynd sem hét „Íceland“ sem ekkert tengdist Íslandi, nema hvað hún gerðist vist mestóll á skautasvelli með dönsu og gleðskap í Hollvíudd-stíl og órlitlum keim af Noregi. Upphaflega voru þessir fjórir samnorrænu listamenn Daninn Björn Nörgaard, Norðmaðurinn Viggo Andersen, Sviinn Anders Áberg og landi okkar, Ólafur Lárusson, valdir á hinn þekktu Ækubiennal í París árið 1977, en þangað er jafnan boðið þeim listamönnum sem ekki hafa náð 35 ára aldri og þykja

standa framarlega á sviði nýlista. Eru það gagnrýnendur sem ráða valinu en ekki opinberar nefndir í hverju landi.

## Fjórar andstæður

Hægra megin í salnum er verk Björns Nörgaard sem „blandað er á staðnum „úr hraungrýti, mól, gífsi og leir ásamt tilbúnum hlutum, svo sem



húsgögnum, sjónvarpi og leirmunum ýmsum ásamt íslenskum póstkortum sem dreift er um verkið, væntanlega til þess að tengja það við Ísland. Ekki man ég til þess að hafa séð póstkort úr Reykholti til að tengja verkið Snorra-Eddu sem listamaðurinn segir að sé hugveikjan að þessu verki. Listamaðurinn biður áhorfandann að taka ekki nema mátulega mikið mark á orðum sínum þar sem hann í sýningarskrá kynnir litillega hvernig verkið hefur orðið til og meginþræði þess en mælist til þess að áhorfandinn treysti fyrst og fremst sínum eigin

skilningarvitum, sem ætti reyndar að liggja í augum uppi. En það er nú svo að margur vill fá skýringar höfundarins eða einhverja leiðsögn um hvert maðurinn sé lað fara þegar áhorfandinn sér ekki fidusinn í því.

Björn Nörgaard segist hafa endurlesið Snorra-Eddu og íslenskar fornsögur og hefur orð á því að þær séu sneisafullar af myndum, og þurfti nú engann Dana til að segja okkur það, en erfitt er að fylgja mannum eftir þegar hann tengir Snorra-Eddu við kaffibolla sem tyllt er á hraungrýti. Að visu fer það ekki á milli mála að við erum mikil kaffijóð, án þess að það komi fram í Snorra-Eddu af augljósu ástæðum. Það hefði kannski verið forvitnilegra fyrir okkur Íslendinga að sjá eitthvert annað verk eftir þennan gest okkar þar sem hann hefði beitt hæfileikum sínum við að vinna í umhverfi og að hugmynd sem hann þekkti betur en við.

Ekki get ég neitað því að ólíkt athyglisverðara þótti mér verk Svians Anders Áberg sem er gríðarstór líking af harmóníku, að mestu leyti gerð úr víði, klædd ýmsum efnum. „Hægt er að setjast inn í harmóníkkuna og er hún þar hvít klædd og á hvíta dúkinn eru skrifuð ljóð á sænsku sem vel hefði mátt þýða í sýningarskrá, ef ekki klæða nýjum dúki og skrifa þar íslenska þýðingu ljóðsins vegna þess að ljóðin auka við gildi verksins að mínum dómi. Fyrst hélt ég að myndlistarmaðurinn væri líka ljóðskáldið en sá í erlendu sýningarskránni að svo er ekki, heldur er ljóðið ort af öðrum Svía, og enn fremur er getið í skránni um tónlist sem annar hefur samið fyrir verkið, en sú tónlist heyrðist ekki í þau skipti sem ég kom inn á sýninguna, kannski hefur spólan gleymst heima. Viðurinn hefur löngum verið Svium

hugleikið efni til listrænnar tjáningar og sú grein alþjóðlistar sem náð hefur hvað mestum vinsældum þar í landi. Ofan á hinum stóra tréskúlptúr Anders Áberg, Töfrarmóníkkunni, er landslag og í því stendur dæmigert rauðmálað sænsk tréhús sem getið er í ljóðinu, sem eru endurminningar frá barnæsku skáldsins, heldur dapurlegar.

„Í viðarskúrnum við skógarjarðarinn stendur harmóníkan hans pabba og á milli terpentínu-flaskanna á hillu hefur hann falið brennivinsflöskuna.“

Húsið kemur heim við þá einmana-kennnd sem gengur í gegnum ljóðið því húsið stendur eitt sér og enginn úti nema drengur á hjóli. Hinu megin á harmóníkkunni, aðeins sýnilegt þeim megin, er mexíkansk þorp og það er þá væntanlega harmóníkan sem tengir þessa tvo heima saman. Ágætur myndlistarmaður stakk því að mér að þetta verk vísaði. kannski til skáldskapar trúbadúrsins sænska, Everts Taube, sem flæktist sem sjómaður um öll heimshöf og orti m.a. um Mexíkó, og spilaði á harmóníku og samdi ljóð og texta eins og Ási okkar í Bæ.

Þá er ótalið verk Norðmannsins Viggo Andersen og læt ég hér fylgja ummæli hans um framlag hans til sýningarinnar, sem er í raun afmarkaður heimur innar veggja salarins: „Ég ákvað að byggja hér herbergi, þegar ég hafði grandskoðað sýningarsalinn hér að Kjarvalsstöðum, þar eð ég sá að þau verk sem

ég hafði áður sýnt á þessari sýningu mundu hreinlega hverfa í það gimald. En til að undirstrika sérkenni míns herbergis, þá byggi ég það á ská í salnum og þræði hvítan kaðal ennfremur niður í herbergið, en hann fylgir hlutföllum salarins og beinir auga áhorfandans strax að stöðu herbergisins í salnum sem heild.“

Landi okkar í þessum hópi er Ólafur Lárusson sem sýnir þarna ljósmyndir af fólki og athöfn og má segja að myndirnar leyni á sér því að í einfaldleika sínum býr í þeim ljóðræn hugsn og heimspökileg hugvekja. Ólafur hefur sýnt með SÚM-hópnum og hefur sá hópur átt nokkra myndlistarmenn sem hafa kosið að nota myndavélina til að tjá ljóðrænar hugdettur sínar, koma mér þá í hug menn eins og Sigurður Guðmundsson og Hreinn Friðfinnsson, en allir yrkja þessir þrír menn hver með sínum hætti. Get ég ekki annað séð en að við megum vel una við framlag Íslands á þessari farandsýningu og að Ólafur Lárusson komi ásamt Svianum sterkast út úr þessari sýningu. Vonandi tekur Ólafur það ekki illa upp hjá mér þó ég amist við ummælum hans á ensku í erlendu sýningarskránni, meðan hinir listamennirnir tjá sig hver á sínu móðurmáli. Mér finnst það alltaf furðulegt þegar Íslendingar bregða fyrir sig ensku í norrænu samhengi. Hefði ekki verið hægt að prenta textann á íslensku með þýðingu á einhverju hinna Norðurlandamálanna?

Þessi nýstárlega sýning stendur fram til sunnudagsins 23. júlí.

Hrafnhildur Schram



HRAFNHILDUR SCHRAM

## Myndlist

### Verzlun

### Verzlun


### Verzlun

#### Athugið breyttan opnunartíma

Opið alla daga kl. 9-21.



#### Spira



Verð kr. 89.800 Verð kr. 55.000

Sófi og svefnbækkur í senn. Íslenskt hugverk og hönnun.



A. GUÐMUNDSSON Húsgagnaverksmiðja Skemmuveg 4. Sími 73100.

## Skrifstofu SKRIFBORD

Vönduð sterk skrifstofu skrifborð í þrem stærðum.


Verð frá kr. 108.000



A. GUÐMUNDSSON Húsgagnaverksmiðja Skemmuveg 4. Sími 73100.

## STUÐLA SKILRÚM

Íslenskt Hugvit og Handverk



STUÐLA-SKILRÚM er léttur veggur, sem samanstandur af stuðlum, hillum og skápum, allt eftir þörfum á hverjum stað.

SVERRIR HALLGRÍMSSON Smíðastofa 1/1, Trönuhrauni 5. Sími 51745.


### ALTERNATORAR

6/12/24 volt í flesta bíla og báta.

VERÐ FRÁ 13.500.

Amerísk úrvalsvara. — Póstsendum. Varahluta- og viðgerðarþjónusta. Rafmagnsvörur í bíla og báta.

Borgartúni 19. BÍLARAF HF. — S. 24700



### Utanhúsmálning Perma-Dri

Þetta er olíufimmálning sem ekki flagnar né springur.

Reynsla fyrir Perma-Dri á Íslandi er 11 ára ending.

Ath. að tveir litir eru til á gömlu verði og að allir litir eru á sama verði. Perma-Dri hentar mjög vel á allan stein, bárujár, asbést, á hvers konar þök o.fl. og er í algjörum sérflokk hvað gæði snertir.

### Sigurður Pálsson byggingam.,

Kambsvogi 32 Reykjavík. Símar 34472 og 38414.

### Hollenska FAM

ryksugan, endingargóð, öflug og ódýr, hefur allar klær úti við hringeringuna.



Verð aðeins 43.100.- meðan birgðir endast. Staðgreiðsluafláttur. HAUKUR & ÓLAFUR Ármúla 32 Sími 37700.

## Mörk

GRÖDRARSTÖÐIN STJÖRNUGRÓF 18 SÍMI 84550

SOGA  
BÚSTADA

VEGUR  
VEGUR

SKÍÐ  
VALLARVEGUR


Mörk

Býður úrval garóplantna og skrautrunna.

Opið virka daga: 9-12 og 13-19 sunnudaga lokað

Sendum um allt land.

Sækið sumarið til okkar og flytjið það með ykkur heim.



### FORSTOFU HÚSGÖGN

Verð kr. 158.900

Verð kr. 119.500



A. GUÐMUNDSSON Húsgagnaverksmiðja Skemmuveg 4 Kópavogi. Sími 73100.